

Garðabær-Bæjarskrifstofur  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

Reykjavík 15. október 2018  
UST201809-308/A.B.  
09.04.01

**Efni:** Urriðavatn – Göngubrú

Vísað er til erindis verkefnisstjóra hjá sveitarfélaginu Garðabæ er barst 25. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna fyrirhugaðar göngubrúarframkvæmda við Urriðavatn.

Fyrirhugað er að leggja um 58,84 metra langa brú sem mun vera staðsett við norðurenda vatnsins.

Urriðakortsvatn er á náttúruminjaskrá nr. 116 og er svæðinu lýst sem mýrlendi og gróðurmiklu vatni við hraunjaðar þar sem er auðugt lífríki við þéttbýli.

Mikilvægt er að byggja upp innviði svæðisins og setja umgengisreglur til að tryggja að verndargildi svæðisins rými ekki. Umhverfisstofnun vill koma því á framfæri að það er mat stofnunarinnar að betra hefði verið að deiliskipuleggja heildarsvæðið áður en farið var út í einstakar framkvæmdir.

Umhverfisstofnun tekur undir þær hugmyndir að auka þurfi og bæta aðgengi íbúa og gesta að útivistarsvæðum með lagningu göngu- og hjólastíga og brúa, án þess þó að verndargildi svæðisins rými ekki.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að brúin falli vel að umhverfi sínu og að forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum eins og kostur er. Til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður ætti þegar við á, að leggja gróðurtorfur til hliðar og koma þeim fyrir á yfirborði í lok frágangs.


Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggja eigi m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur